

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, mánudaginn 6. desember 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir. Ásgrímur Angantýsson boðaði forföll. Eva María Jónsdóttir mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Breyting á skipan málnefndar

Á árinu hafa orðið eftirfarandi mannbreytingar í Íslenskri málnefnd: Arnhildur Arnaldsdóttir hefur tekið við Hirti Hjartarsyni sem aðalfulltrúi Staðlaráðs, Sigríður Sigurjónsdóttir hefur tekið við af Ásgrími Angantýssyni sem aðalfulltrúi Samstarfsnefndar háskólastigsins og Þórður Sævar Jónsson hefur tekið við af Guðrúnu Baldvinsdóttur sem aðalfulltrúi Upplýsingar. Enn er beðið eftir tilnefningum um nýja varamenn frá Staðlaráði, Samstarfsnefnd háskólastigsins og Upplýsingu. Á nýju ári tekur Luciano Dutra sæti í stjórn málnefndar í stað Ásgríms Angantýssonar. Nýr þriðji varamaður í stjórn málnefndar verður kjörinn á næsta fundi fullskipaðrar málnefndar.

### 2. Starf Íslenskrar málnefndar árið 2022

Fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn 17. febrúar og mun fjalla um kynningu á málstefnunni. Megináhersla í starfi nefndarinnar árið 2022 er netið og verður það höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskrar tungu árið 2022. Erindi á málræktarþingi 2022 munu einnig fjalla um netið. Áætlað er að málræktarþingið verði haldið 26. september. Gert ráð fyrir að halda annað málþing í maímánuði.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:45.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.